

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 3. október 2006 í máli nr. S-60/2006:

Ákærvaldið

(Hjördís Stefánsdóttir fulltrúi)

gegn

Unnari Erni Stefánssyni,

Hákoni Sveinbjörnssyni og

Gísla Þór Ásbjörnssyni

(Jón Haukur Hauksson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 6. september sl., höfðaði sýslumaðurinn í Borgarnesi með ákæru 13. mars 2006 á hendur ákærðu, Unnari Erni Stefánssyni, kt. [---], til heimilis að Fálkakletti 6, Borgarnesi, Hákoni Sveinbjörnssyni, kt. [---], nú til heimilis að Veghúsum 11, Reykjavík, og Gísla Þór Ásbjörnssyni, kt. [---], nú til heimilis að Brekkubraut 15, Akranesi;

„fyrir eftirgreind umferðar- og hegningarlaga brot framin í Borgarbyggð, 23. september 2005, sem hér greinir:

I.

Gegn ákærða Unnari fyrir umferðarlaga brot með því að hafa ekið bifreiðinni SV-782, án nægilegrar varúðar og aðgæslu austur Sólbakka, þannig að bifreiðin fór út af veginum og hafnaði á íbúðarhúsi við gróðrarstöðina Gleym mér ei og hafa síðan farið af vettvangi án þess að tilkynna um óhappið, eins og honum bar skylda til.

II.

Gegn ákærða Unnari fyrir tilraun til fjársvika, með því að hafa tekið þá ákvörðun og ótvírætt sýnt ásetning sinn í verki með því að stuðla að því að færa bifreiðina SV-782 af vettvangi við gróðrarstöðina Gleym mér ei og koma henni fyrir utan vegar rétt við bæinn Laufás og láta líta út sem bifreiðin hefði lent þar utan vegar og hyggjast þannig svíkja út tryggingafé en bifreiðin var tryggð ábyrgðartryggingu hjá Tryggingamiðstöðinni.

Telst þetta varða við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Gegn ákærða Hákonni fyrir umferðarlagabrot, nytjastuld og hlutdeild í tilraun til fjársvika með því að hafa fyrrgreindan dag, heimildarlaust tekið lyftara sem staðsettur var á vinnusvæði Loftorku við Sólbakka og ekið honum utan vegar að gróðrarstöðinni Gleym mér ei, og valdið þannig skemmdum á landi og gróðri, fært bifreiðina *SV-782* síðan á gaffal lyftarans og ekið með hana sem leið lá vestur Snæfellsnesveg, komið henni fyrir utan vegar rétt við bæinn Laufás og látið líta út sem bifreiðin hefði lent þar utan vegar og aðstoðað þannig ákærða Unnar í fyrirætlan sinni að svíkja út tryggingafé en bifreiðin var tryggð ábyrgðartryggingu hjá Tryggingamiðstöðinni.

Telst þetta varða við 5. gr. sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, 259. gr. og 248. gr. sbr. 20. gr. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Gegn ákærðu Gísla Þór og Unnari fyrir hlutdeild í nytjastuldi ákærða Hákons, en þeir sammæltust um að taka fyrrgreindan lyftara án heimildar og óku saman í bifreið ákærða Unnars að vinnusvæði Loftorku þar sem ákærði Hákon fór út úr bifreiðinni og heimildarlaust tók áðurgreindan lyftara og ók honum eins og lýst er í ákærulið III.

Telst þetta varða við 259. gr. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Gegn ákærða Gísla Þór fyrir hlutdeild í tilraun til fjársvika en hann með liðsinni sínu í orði og verki stuðlaði að því að færa bifreiðina *SV-782* af vettvangi við gróðrarstöðina Gleym mér ei, koma henni fyrir utan vegar rétt við bæinn Laufás og láta líta út sem bifreiðin hefði lent þar utan vegar og aðstoðað þannig ákærða Unnar í fyrirætlan sinni að svíkja út tryggingafé en bifreiðin var tryggð ábyrgðartryggingu hjá Tryggingamiðstöðinni.

Telst þetta varða við 248. gr. sbr. 20. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.“

Í þinghaldi 6. september sl. féll ákærvaldið frá því atriði ákæruliðar III að lyftara hefði verið ekið utan vegar og með því valdið tjóni á landi og gróðri.

I.

Ákærði Unnar Örn kom fyrir dóm 6. september sl. og játaði að hafa framið brot þau sem honum eru gefin að sök í ákærulið I. Þá kvaðst ákærði hafa talið bifreiðina *SV-782* kaskótryggða og ásetningur hans því verið að svíkja fé út úr tryggingum, svo sem nánar er lýst í II. lið ákæru. Ákærði játaði því umrætt brot. Að lokum játaði ákærði Unnar Örn brot það sem honum er gefið að sök í IV. lið ákæru.

Ákærði Hákon kom einnig fyrir dóm 6. september sl. og játaði sakargiftir á hendur sér samkvæmt ákærulið III, svo sem þær standa eftir áðurgreinda breytingu

ákærvalds.

Þá kom ákærði Gísli Þór fyrir dóm sama dag og meðákærðu og játaði brot þau sem honum eru gefin að sök í ákæruliðum IV og V.

II.

Játning ákærða Unnars Arnar er í samræmi við gögn málsins og teljast brot hans því sönnuð. Brot ákærða samkvæmt ákærulið I varða við 4. gr. og 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en brot hans samkvæmt ákærulið II varðar við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá varðar brot hans samkvæmt ákærulið IV við 259. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

Játning ákærða Hákonar er einnig í samræmi við gögn málsins og teljast brot hans því sönnuð. Brot ákærða varða við 259. gr. og 248. gr., sbr. 20. og 22. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá þykir játning ákærða Gísla Þórs vera í samræmi við gögn málsins og teljast brot hans því sönnuð. Brot ákærða samkvæmt ákærulið IV varðar við 259. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot hans samkvæmt ákærulið V varðar við 248. gr., sbr. 20. og 22. gr. sömu laga.

Samkvæmt öllu framangreindu þykja vera efni til að leggja dóm á málið á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

III.

Við ákvörðun refsingar ákærðu þykir mega líta til þess að samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur enginn þeirra sætt refsingum. Jafnframt þykir það ákærðu til málsbóta að fyrir dómi gengust þeir við brotum sínum. Þá er upplýst í málinu að ásetningur til fjársvika hafi fyrst vaknað eftir að tjón varð á bifreiðinni SV-782. Með vísan til alls þessa, sem og ungs aldurs ákærðu, þykir með heimild í a-lið 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 rétt að fresta ákvörðun um refsingu þeirra allra og skal refsingin falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal dæma ákærðu til að greiða óskipt allan sakarkostnað málsins. Ákærðu greiði því þóknun skipaðs verjanda síns, Jóns Hauks Haukssonar hdl., er hæfilega þykir ákveðin 161.601 króna að meðtöldum virðisaukaskatti, sem og útlagðan ferðakostnað verjanda, 10.044 krónur.

Dómsuppkvaðning hefur dregist lítillaga vegna starfsanna dómara.

Dóm þennan kveður upp Benedikt Bogason héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Ákvörðun um refsingu ákærðu, Unnars Arnar Stefánssonar, Hákonar Sveinbjörnssonar og Gísla Þórs Ásbjörnssonar, er frestað og skal refsingin falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði óskipt 171.645 krónur í sakarkostnað.

Benedikt Bogason.